

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Ari Þorgilsson, Jón Einarsson og Sigurður Ólason, skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærður, Helgi Benediktsson, sæti 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Hann skal og greiða Ísfélagi Vestmannaeyja h. f. kr. 988.50 innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns Ara Þorgilssonar, Hinriks Jónssonar lögfræðings, kr. 60.00, greiðist úr rikissjóði.

Allan annan kostnað sakarinnar greiði ákærður Helgi Benediktsson.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. marz 1939.

Nr. 119/1938. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

**Haraldi Guðbrandssyni, Magnúsi
Skaftasyni Guðjónssyni, Halldóri
Guðjónssyni og Kristni Jónassyni**
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Brot gegn ákvæðum 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga
nr. 41/1930.

Dómur hæstaréttar.

Þann 28. janúar 1935 gerði félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og sjómannafélag Reykjavíkur og sjómannafélag Hafnarfjarðar hinsvegar samning um kjör sjómanna. Var svo mælt í 9. gr. samningsins, að hásetar, matsveinar og kyndarar skyldu undan þeirri kvöð þegnir að vinna á skipsfjöl, meðan skip lægi á innlendri höfn milli

veiðifara, enda væri skipið ekki lengur í höfn en 2 sólarhringa. Um kjör sjómanna við karfaveiðar gerðu sömu aðiljar síðan samning þann 16. apríl 1936. Segir þar í 1. gr., að hásetar og matsveinar skuli eiga frið „við löndun“ aflans, en um kyndara segir hinsvegar í 2. mgr. 3. gr.: „Vökuskipti kyndara halda áfram við land, meðan afferming fer fram, þó skal vélstjóri láta kyndara njóta eins mikils frís sem föng eru á, meðan skipið er við land.“ Að þessum síðarnefnda samningi gekk sjómannafélag Patreksfjarðar með samningi 15. júní 1936, þó með nokkrum breytingum, sem hér skipta ekki máli. Þann 21. marz f. á. var sagður upp gerðardómur um ágreining þann, sem þá var uppi milli félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og hinsvegar sjómannafélags Reykjavíkur, sjómannafélags Hafnarfjarðar og sjómannafélags Patreksfjarðar um kjör sjómanna, sbr. lög nr. 35 frá 1938. Samkvæmt atriðisorðum gerðardómsins skyldu m. a. ofanefnd ákvæði 9. gr. samningsins frá 28. janúar 1935 gilda í skiptum aðiljanna. Ennfremur var ákvæði 2. mgr. 3. gr. samningsins frá 16. apríl 1936, sem að framan er tilfært, tekið orðrétt upp sem 2. mgr. 12. gr. gerðardómsins. Loks segir í 4. mgr. 11. gr. dómsins: „Ef skip losar karfa í land í heimahöfn, gildir hafnarfri fyrir skipverja eins og við salt- og ísfiskveiðar. Þegar svo stendur á, skulu aflaverðlaun vera $1\frac{1}{8}$ úr eyri lægri á hvert mál 135 kg.“

Af hálfu kæranda er því haldið fram, að kærðir séu ekki undan vinnuskyldu þegnir, meðan karfi er affermdur á heimahöfn, með því að kyndurum sé þessara hlunninda fyrirmunað samkvæmt 2. mgr. 12. gr. gerðardómsins, enda verði aðrir skipverjar að kaupa friðindi þessi með lækkun á aflaverðlaun-

um. Kærðir andæfa þessu með þeim rökum, að á salt- og ísfiskveiðum séu hásetar, matsveinar og kyndarar leystir undan vinnuskyldu meðan skip liggur á innlendri höfn, enda sé skipið þar ekki lengur en 2 sólarhringa, og samskonar undanþága frá vinnu eigi að gilda um skipverja, er skip affermir karfa á heimahöfn, samkvæmt 4. mgr. 11. gr. gerðardómsins. Með því það þannig er vafaefni, hvernig skýra eigi greind ákvæði gerðardómsins, og með því að kærðu mátti vera það ljóst, að skilningur sá, sem þeir báru fyrir sig, fór í bága við eldri tilhögun og orkaði tvímælis, þá verður ekki annað séð en að kærðu hafi verið óheimilt að leggja sína túlkun á gerðardóminum til grundvallar breytni sinni, áður úr því væri skorið á réttmætan hátt, hver væri réttur þeirra í þessu efni. Hafa þeir með því gerzt brotlegir við 78. sbr. 77. gr. sjómannalaga nr. 41 frá 1930, og þykir með framanrituðum at-
hugasemdum mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum málslyktum ber að dæma hina kærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektanna verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærðu, Haraldur Guðbrandsson, Magnús Skaftason Guðjónsson, Halldór Guðjónsson og Kristinn Jónasson, greiði in solidum allan áfrýj-

unarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Barðastrandarsýslu

5. ágúst 1938.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Haraldi Guðbrandssyni, kyndara á b/v Vörður frá Patreksfirði, til heimilis Höfðadal, Tálknafirði, Magnúsi Skaptasyni Guðjónssyni kyndara á sama skipi, til heimilis á Patreksfirði, Halldóri Guðjónssyni og Kristni Jónassyni, kyndurum á b/v Gylfi frá Patreksfirði, báðum til heimilis á Patreksfirði, fyrir brot á 1. mgr. 78. gr. laga nr. 41 frá 1930 sbr. 77. gr. s. 1.

Málið var rekið fyrir og dæmt í sjó- og verzlunardómi Barðastrandarsýslu sem nr. 1—1938. Formaður dómsins var hinn reglulegi dómari Jóhann Skaptason, sýslumaður, og meðdómsmenn Ólafur Finnbogi Ólafsson járnsmiðameistari og vélstjóri Patreksfirði, og Sigurður Andrés Guðmundsson, bóndi og skipstjóri, Geirseyri.

Málið var tekið til dóms 29. júlí 1938 og dómur uppkveðinn 5. ágúst s. á. kl. 14.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina, og sannaðir með játningum kærðra og öðru, sem upplýst er í málinu.

Hinn 31. maí s. l. barst sýslumanninum í Barðastrandarsýslu bréf frá firma Ó. Jóhannesson, Vatnseyri.

Í bréfi þessu kærir firmað kyndara á skipi sínu b/v Gylfa, þá Kristinn Jónasson og Halldór Guðjónsson, fyrir að þeir hafi dagana 21. og 27. maí s. l. neitað að standa vörð um borð í skipinu á meðan affermt var hér á Patreksfirði, og kyndara á skipi sínu b/v Vörður, þá Harald Guðbrandsson og Magnús Guðjónsson, fyrir samskonar neitun hinn 30. maí s. l. Telur firmað, að kyndaranir hafi með umræddri neitun sinni og breytni samkvæmt henni

rofið gerðardómsúrskurð frá 21. marz 1938 um ráðningar-
kjör skipverja á botnvörpuskipum, því firmað álitur, að
samkvæmt nefndum úrskurði beri kyndurum ekki hafnar-
fri við löndun karfa í heimahöfn, nema eftir leyfi vél-
stjóra.

Kyndararnir hafa allir viðurkennt, að þeir hafi um-
rædda daga farið í land án leyfis vélstjóra og dvalið í
landi á meðan verið var að landa aflanum, en jafnframt
hafa þeir allir lýst því yfir, að þeir skildu gerðardóms-
úrskurðinn frá 21. marz s. l. þannig, að kyndurum bæri
hafnarfri, meðan skip það, er þeir störfuðu á, losaði
karfa í heimahöfn. Hafa þeir í því sambandi bent á 4. mgr.
17. gr. úrskurðarins máli sínu til stuðnings, en haldið því
fram, að 18. gr. ætti við um löndun utan heimahafnar.

Sjó- og verzlunardómurinn lítur svo á, að 4. mgr. 17. gr.
gerðardómsúrskurðarins fjalli aðeins um hafnarfri þeirra
manna, sem greiða friið með hluta af aflaverðlaunum, þ.
e. hásetanna. Þótt notað sé orðið *skipverji*, telur réttur-
inn óheimilt að byggja á því hafnarfrísrétt fyrir kyndara.
Orðið nær yfir alla skipshöfnina, en í gerðardómsúrskurð-
inum er það auðsjáanlega stundum notað aðeins um há-
seta, sbr. 1. og 2. mgr. 17. gr., enda virðist 17. greinin öll
fjalla um kjör hásetanna. Jafnframt telur sjó- og verzlunar-
dómurinn, að seinni málsgrein 18. gr. eigi við um vöku-
skipti kyndara, hvort sem landað er í heimahöfn eða ann-
arsstaðar.

Það er viðurkennt, að á síðustu vertíð, þ. e. 1937, hafi
kyndarar ekki haft fri í umræddum tilfellum, en því jafn-
framt haldið fram af kærðum, að gerðardómurinn hafi nú
breytt kjörum kyndara á karfaveiðum á þann hátt að veita
þeim fri við löndun í heimahöfn. Jafnframt virðist upp-
lýst, að aðrar breytingar hafi engar verið gerðar á fyrri
kjörum við karfaveiðar.

Sjó- og verzlunardómurinn lítur svo á, að ef gerðardóm-
urinn hafi ætlað að breyta fyrri kjörum kyndara og heim-
ila þeim hafnarfri við karfalöndun í heimahöfn, þá hefði
hann tekið það fram í kaflanum um störf kyndara, að þeir
hefðu skilyrðislaust fri í umræddum tilfellum.

Sjó- og verzlunardómurinn telur það því yfirsjón hjá
kærðum að fara af verði án leyfis vélstjóra í umræddum
tilfellum, og varði það við 1. mgr. 78. gr. sbr. 77. gr. sjó-

mannalaga nr. 41 frá 19. maí 1930, og telur dómurinn, að sekt hvers af kærðum sé hæfilega ákveðin kr. 20.00, og komi i stað sektar 2 daga einfalt fangelsi, ef hún er eigi greidd i tæka tíð. Kærðir greiði allir fyrir einn og einn fyrir alla kostnað málsins, en málsvarnarlaun, kr. 20.00, til skipaðs verjanda, Davíðs Davíðssonar, greiði þeir Kristinn Jónasson, Halldór Guðjónsson og Haraldur Guðbrands-son allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en rannsókn þess hefir tafizt nokkuð vegna stöðugra fjarvista kærðra og þingaferða formanns sjó- og verzlunardómsins, sem stóðu yfir 23. júní til 9. júlí.

Því dæmist rétt vera:

Kærðir, Haraldur Guðbrandsson, Magnús Skaftason Guðjónsson, Halldór Guðjónsson og Kristinn Jónasson, greiði hver kr. 20.00 sekt i rikissjóð innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, sæti ella i hennar stað 2 daga einföldu fangelsi.

Kostnað málsins greiði kærðir allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, Davíðs Davíðssonar, kr. 20.00, greiði kærðir Haraldur Guðbrandsson, Halldór Guðjónsson og Kristinn Jónasson allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
